



Dagsetning: 31.mars 2016
Skrifstofa: Skrifstofa sviðsstjóra
Unnið af: Ægir Hugason og Erla Björg Sigurðardóttir
Ábyrgð: Ellý Alda Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri
Go Pro nr: VEL_2016020040

Greining varðandi notendur velferðarsviðs, með erlent ríkisfang

Þeim notendum velferðarsviðs sem eru með erlent ríkisfang hefur fjölgað nokkuð á undanförunum árum. Þegar skoðaðar eru tölur yfir íbúafjölda í Reykjavík í árslok 2015 má sjá að íbúar með erlent ríkisfang sem eru eldri en 18 ára eru um 10% af borgarbúum á þeim aldri en börn (yngri en 18 ára) eru um 6% af borgarbúum á þeim aldri. Það er því hlutfallslega meira af fullorðnum einstaklingum meðal fólks með erlent ríkisfang. Einnig má sjá að um 50% fólks með erlent ríkisfang (fullorðinna og barna) er á þjónustuvæði Miðborgar og Hlíðar og Breiðholts, en um 30% íslenskra íbúa er á þessum tveimur þjónustuvæðum. Í lokakafla þessa skjals er greint sérstaklega frá fjölda hælisleitenda og kvótaflóttamanna og sem hafa komið til Reykjavíkurborgar.

Fjöldi íbúa í Reykjavík, 18 ára og eldri, í árslok 2015							
Þjónustumiðstöð	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af íb.
Vesturbær	1.503	16%	10.977	13%	12.480	13%	12%
Miðborg og Hlíðar	2.448	25%	12.709	15%	15.157	16%	16%
Laugardalur og Háaleiti	1.830	19%	22.049	26%	23.879	25%	8%
Breiðholt	2.168	23%	14.299	17%	16.467	17%	13%
Árbær	778	8%	11.799	14%	12.577	13%	6%
Grafarvogur og Kjalarnes	778	8%	13.531	16%	14.309	15%	5%
Annað*	103	1%	316	0,4%	419	0%	25%
Samtals	9.608	100%	85.680	100%	95.288	100%	10%

*Óstaðsettir í hús og starfsmenn erlendra sendiráða

Fjöldi barna í Reykjavík, 18 ára og yngri, í árslok 2015							
Þjónustumiðstöð	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af íb.
Vesturbær	137	8%	3.644	14%	3.781	13%	4%
Miðborg og Hlíðar	216	13%	3.055	11%	3.271	11%	7%
Laugardalur og Háaleiti	307	19%	6.447	24%	6.754	24%	5%
Breiðholt	622	38%	4.421	16%	5.043	18%	12%
Árbær	199	12%	4.782	18%	4.981	17%	4%
Grafarvogur og Kjalarnes	161	10%	4.582	17%	4.743	17%	3%
Annað*	0	0%	48	0%	48	0%	0%
Samtals	1.642	100%	26.979	100%	28.621	100%	6%

*Óstaðsettir í hús og starfsmenn erlendra sendiráða

Þegar hóparnir eru greindir eftir kyni sést að karlar eru fleiri en konur hjá þeim sem hafa erlent ríkisfang en meðal Íslendinga eru konur fleiri en karlar. Þegar horft er til barna undir 18 ára aldri eru drengir fleiri en stúlkur meðal þeirra sem hafa erlent ríkisfang en munurinn er minni.

Kyn íbúa í Reykjavík, 18 ára og eldri, í árslok 2015							
Kyn	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af íb.
Karlar	5.155	54%	42.084	49%	47.239	50%	11%
Konur	4.453	46%	43.596	51%	48.049	50%	9%
Samtals	9.608	100%	85.680	100%	95.288	100%	10%

Kyn íbúa í Reykjavík, 18 ára og yngri, í árslok 2015							
Kyn	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af íb.
Drengir	849	52%	13.577	50%	14.426	50%	6%
Stúlkur	793	48%	13.402	50%	14.195	50%	6%
Samtals	1.642	100%	26.979	100%	28.621	100%	6%

Þegar litið er til fjölskyldugerðar kemur í ljós að mun fleiri einhleypir karlar og mun færri hjón og sambýlisfólk með börn er meðal fólks með erlent ríkisfang en að öðru leyti eru hóparnir svipaðir.

Fjölskyldugerð 18 ára og eldri í Reykjavík í árslok 2015							
Fjölskyldugerð	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af íb.
Einhleypir karlar	3.504	36%	20.789	24%	24.293	25%	14%
Einhleypar konur	2.312	24%	18.427	22%	20.739	22%	11%
Einstæðir feður	37	0,4%	422	0,5%	459	0,5%	8%
Einstæðar mæður	400	4%	4.392	5%	4.792	5%	8%
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	1237	13%	22075	26%	23312	24%	5%
Hjón/sambýlisfólk með börn	2.118	22%	19.575	23%	21.693	23%	10%
Samtals	9.608	100%	85.680	100%	95.288	100%	10%

Þjónusta velferðarsviðs

Töflurnar hér að neðan sýna nokkra helstu þjónustubætti velferðarsviðs við notendur með erlent ríkisfang á tímabilinu 2007-2015. Einna mest hefur fjölgun notenda með erlent ríkisfang orðið varðandi húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð og notendur Barnaverndar Reykjavíkur (BR).

Fjöldi notenda sem fékk þjónustu árin 2007-2015, skipt eftir tegund þjónustu.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Tegund þjónustu	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals
Húsaleigubætur	5.815	6.239	7.858	8.370	8.433	8.221	8.314	8.846	8.548
Sérstakar húsaleigubætur – Félagsbústaðir		2.002	2.111	2.183	2.177	2.192	2.200	2.233	2.265
Sérstakar húsaleigubætur – alm. leigumarkaður	647	698	896	1.036	1.163	1.244	1.275	1.313	1.291
Fjárhagsaðstoð - allar tegundir	2.491	2.774	3.292	3.704	4.112	4.133	4.218	4.088	3.677
Heimaþjónusta	3.710	3.780	3.789	3.777	3.836	3.805	3.808	3.725	3.745
Barnavernd Reykjavíkur	2.384	2.589	2.662	2.646	2.752	2.474	2.690	2.818	2.610

Fjöldi notenda með erlent ríkisfang sem fékk þjónustu árin 2007-2014, skipt eftir tegund þjónustu.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Tegund þjónustu	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals	Samtals
Húsaleigubætur	395	490	718	784	732	681	765	904	926
Sérstakar húsaleigubætur – Félagsbústaðir		60	67	78	92	114	105	107	119
Sérstakar húsaleigubætur – alm. leigumarkaður	21	25	29	35	55	53	55	73	81
Fjárhagsaðstoð - allar tegundir	129	148	254	294	340	371	444	489	463
Heimaþjónusta	23	26	34	44	42	36	27	23	29
Barnavernd Reykjavíkur	104	127	153	189	197	191	202	223	231

Hlutfall notenda með erlent ríkisfang sem fékk þjónustu árin 2007-2014, skipt eftir tegund þjónustu.

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Tegund þjónustu	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall	Hlutfall
Húsaleigubætur	6,8%	7,9%	9,1%	9,4%	8,7%	8,3%	9,2%	10,2%	10,8%
Sérstakar húsaleigubætur – Félagsbústaðir		3,0%	3,2%	3,6%	4,2%	5,2%	4,8%	4,8%	5,3%
Sérstakar húsaleigubætur – alm. leigumarkaður	3,2%	3,6%	3,2%	3,4%	4,7%	4,3%	4,3%	5,6%	6,3%
Fjárhagsaðstoð - allar tegundir	5,2%	5,3%	7,7%	7,9%	8,3%	9,0%	10,5%	12,0%	12,6%
Heimaþjónusta	0,6%	0,7%	0,9%	1,2%	1,1%	0,9%	0,7%	0,6%	0,8%
Barnavernd Reykjavíkur	4,4%	4,9%	5,7%	7,1%	7,2%	7,7%	7,5%	7,9%	8,9%

Fjárhagsaðstoð til framfærslu

Þegar skoðuð er fjárhagsaðstoð til framfærslu fyrir árið 2015 virðist hluti notenda á hverri þjónustumiðstöð vera nokkuð frábrugðinn því sem íbúafjöldi í hverfinu myndi spá fyrir um.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu - Ríkisfang og þjónustumiðstöðvar í árslok 2015									
Þjónustumiðstöð	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af not.	% af erl. íb.	% af ísl. íb.
Vesturbær	43	10%	250	10%	293	10%	15%	3%	2%
Miðborg og Hlíðar	129	31%	479	19%	608	21%	21%	5%	4%
Laugardalur og Háaleiti	91	22%	495	20%	586	20%	16%	5%	2%
Breiðholt	107	25%	646	26%	753	26%	14%	5%	5%
Árbær	28	7%	319	13%	347	12%	8%	4%	3%
Grafarvogur og Kjalarnes	22	5%	289	12%	311	11%	7%	3%	2%
Samtals	420	100%	2.478	100%	2.898	100%	14%	4%	3%

Hvað varðar aldur þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu er nokkur munur á Íslendingum og fólki með erlent ríkisfang. Íslenskir notendur eru heldur yngri; 47% þeirra eru undir þrítugu en 29%

þeirra sem eru með erlent ríkisfang. Af fólki með erlent ríkisfang eru 5% yfir 67 ára en samsvarandi tala fyrir íslenska notendur er um 1%.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu - Ríkisfang og aldur í árslok 2015							
Aldur	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af not.
19 ára og yngri	13	3%	91	4%	104	4%	13%
20-24 ára	41	10%	557	22%	598	21%	7%
25-29 ára	66	16%	519	21%	585	20%	11%
30-39 ára	113	27%	635	26%	748	26%	15%
40-49 ára	86	20%	332	13%	418	14%	21%
50-59 ára	51	12%	217	9%	268	9%	19%
60-66 ára	28	7%	92	4%	120	4%	23%
67 ára og eldri	22	5%	35	1%	57	2%	39%
Samtals	420	100%	2.478	100%	2.898	100%	14%

Það hefur orðið allmikil fjölgun á hópi eldri borgara með erlent ríkisfang sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Viðkomandi hafa ekki safnað réttindum með búsetu í landinu og eiga því ekki rétt á ellilífeyri frá Tryggingarstofnun Ríkisins (TR). Svo sem sjá má hefur þeim fjölgað úr 2,7% í 5,2% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu undanfarin 4 ár en Íslendingum í þessum hópi hefur fjölgað mun minna.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu		
Erlent ríkisfang		
Ár	Yngri en 67 ára	67 ára og eldri
2012	97,3%	2,7%
2013	97%	3%
2014	96,1%	3,9%
2015	94,8%	5,2%
Íslenskt ríkisfang		
Ár	Yngri en 67 ára	67 ára og eldri
2012	99%	1%
2013	99%	1%
2014	98,80%	1,2%
2015	98,6%	1,4%

Meðal notenda fjárhagsaðstoðar með erlent ríkisfang eru 61% karlar en 39% konur. Reyndar eru karlar með erlent ríkisfang fleiri en konur - 54% á móti 46% - svo það skýrir þennan mun að hluta. Munurinn er minni meðal Íslendinga en þar eru karlar einnig fleiri en konur og það þótt karlar séu færri en konur í Reykjavík.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu - Ríkisfang og kyn í árslok 2015									
Kyn	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af not.	% af erl.íb.	% af ísl. íb.
Karlar	255	61%	1.392	56%	1.647	57%	15%	5%	3%
Konur	165	39%	1.086	44%	1.251	43%	13%	4%	2%
Samtals	420	100%	2.478	100%	2.898	100%	14%	4%	3%

Hvað varðar fjölskyldugerð er ekki mjög mikill munur á íslenskum og erlendum notendum fjárhagsaðstoðar. Helsti munurinn er sá að meðal notenda með erlent ríkisfang er hlutfallslega minna um einstæðar mæður og örlítið meira um einstæða karla og hjón/sambýlisfólk með börn.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu - Ríkisfang og fjölskyldugerð í árslok 2015									
Fjölskyldugerð	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af not.	% af erl. íb.	% af ísl. íb.
Einhleypir karlar	226	54%	1291	52%	1517	52%	15%	6%	6%
Einhleypar konur	86	20%	483	19%	569	20%	15%	4%	3%
Einstæðir feður	4	1%	30	1%	34	1%	12%	11%	7%
Einstæðar mæður	66	16%	532	21%	598	21%	11%	17%	12%
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	13	3%	51	2%	64	2%	20%	1%	0%
Hjón/sambýlisfólk m. börn	25	6%	91	4%	116	4%	22%	1%	0%
Samtals	420	100%	2.478	100%	2.898	100%	14%	4%	3%

Barnavernd

Fremst í töflunni hér að neðan er fjöldi mála sem voru í vinnslu hjá BR árið 2015 í einstökum hverfum skoðað sem hlutfall af heildarfjölda slíkra mála annars vegar meðal Íslendinga og hins vegar fólks af erlendum uppruna. Það er áhugavert að skoða fjölda barnaverndarmála sem hluta af heildarfjölda barna (aftast í sömu töflu). Þá sést að hlutfallslega mun fleiri barnaverndarmál koma upp meðal fólks af erlendum uppruna eða alls 14% en samsvarandi tala fyrir Íslendinga er 9%.

Barnavernd 2015									
Þjónustumiðstöð	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af not.	% af erl. íb.	% af ísl. íb.
Vesturbær	15	7%	205	9%	220	9%	7%	11%	6%
Miðborg og Hlíðar	40	18%	269	12%	309	12%	13%	19%	9%
Laugardalur og Háaleiti	46	20%	524	23%	570	22%	8%	15%	8%
Breiðholt	88	39%	575	25%	663	26%	13%	14%	13%
Árbær	24	11%	400	17%	424	17%	6%	12%	8%
Grafarvogur og Kjalarnes	15	7%	346	15%	361	14%	4%	9%	8%
Samtals	228	100%	2.319	100%	2.547	100%	9%	14%	9%

Þegar litið er á aldur barna í málum sem eru til meðferðar hjá BR 2015 er munur á íslenskum börnum og börnum með erlent ríkisfang á þann veg að erlendu börnin eru almennt heldur yngri. Af erlendu börnunum eru 60% yngri en tíu ára en samsvarandi tala fyrir íslensku börnin er 47%.

Aldur - Barnavernd 2015

Aldur	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af not.	% af erl. íb.	% af ísl. íb.
0-5 ára	75	33%	502	22%	577	23%	13%	10%	6%
6-10 ára	61	27%	586	25%	647	25%	9%	15%	8%
11-14 ára	38	17%	488	21%	526	21%	7%	17%	9%
15-17 ára	41	18%	593	26%	634	25%	6%	19%	15%
18-20 ára	13	6%	150	6%	163	6%	8%	19%	11%
Samtals	228	100%	2.319	100%	2.547	100%	9%	14%	9%

Meðal erlendra barna sem koma til meðferðar hjá BR eru stúlkur um 48% en meðal íslenskra barna 47%. Þessi munur er aðeins stærri en hann virðist vera því erlendar stúlkur eru færri en drengir eða aðeins 48% af heildarfjölda erlendra barna en kynjahlutfall meðal íslenskra barna er jafnt. Það þarf einnig að taka tillit til þess að hluti þeirra stúlkna sem koma fyrir á listanum eru ekki börn heldur mæður ófæddra barna sem talin eru í hættu. Þegar tekið er tillit til þess eykst hlutfall drengja.

Kyn - Barnavernd 2015

Kyn	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af not.	% af erl. íb.	% af ísl. íb.
Drengir	118	52%	1.233	53%	1.351	53%	9%	14%	9%
Stúlkur	110	48%	1.086	47%	1.196	47%	9%	14%	8%
Samtals	228	100%	2.319	100%	2.547	100%	9%	14%	9%

Barnaverndarmál þar sem tilkynning barst á árinu 2015

Kyn	Erlent	%	Íslenskt	%	Samtals	%	% erl. af not.	% af erl. íb.	% af ísl. íb.
Drengir	98	54%	910	54%	1.008	54%	10%	12%	7%
Stúlkur	85	46%	775	46%	860	46%	10%	11%	6%
Samtals	183	100%	1.685	100%	1.868	100%	10%	11%	6%

Ástæður tilkynninga til BR 2015	Börn með erlent ríkisfang			Börn með íslenskt ríkisfang			Samtals		
Ástæða tilkynningar	Drengir	Stúlkur	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	0,0%	3,5%	1,6%	0,0%	2,2%	1,0%	0,0%	2,3%	1,1%
Líkamleg vanræksla	1,0%	2,4%	1,6%	1,4%	1,7%	1,5%	1,4%	1,7%	1,6%
Tilfinningaleg vanræksla	9,2%	7,1%	8,2%	6,7%	9,9%	8,2%	6,9%	9,7%	8,2%
Vanræksla varðandi nám	0,0%	2,4%	1,1%	2,7%	2,2%	2,5%	2,5%	2,2%	2,4%
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	44,9%	42,4%	43,7%	39,3%	39,9%	39,6%	39,9%	40,1%	40,0%
Kynferðislegt ofbeldi	3,1%	7,1%	4,9%	4,5%	11,7%	7,8%	4,4%	11,3%	7,5%
Líkamlegt ofbeldi	7,1%	16,5%	11,5%	8,5%	8,6%	8,5%	8,3%	9,4%	8,8%
Tilfinningalegt/sálarænt ofbeldi	29,6%	29,4%	29,5%	19,1%	21,8%	20,4%	20,1%	22,6%	21,3%
Neysla barns á vímuefnum	3,1%	2,4%	2,7%	5,7%	5,2%	5,5%	5,5%	4,9%	5,2%
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í	18,4%	15,3%	16,9%	32,5%	23,1%	28,2%	31,2%	22,3%	27,1%
Afbrot barns	8,2%	4,7%	6,6%	7,3%	3,6%	5,6%	7,3%	3,7%	5,7%
Barn beitir ofbeldi	4,1%	0,0%	2,2%	9,5%	2,6%	6,3%	8,9%	2,3%	5,9%
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn	2,0%	3,5%	2,7%	2,0%	2,7%	2,3%	2,0%	2,8%	2,4%
Fjöldi barna samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Leikskóla og grunnskólabörn í Reykjavík af erlendum uppruna

Fjöldi leikskóla- og grunnskólabarna í Reykjavík sem eru af erlendum uppruna hefur aukist á tímabilinu 2007-2014. Nýrri tölur en 2014 vantar fyrir leikskólabörn og tölur fyrir grunnskólabörn eru aðeins til fyrir tímabilið 2007-2010.

Leikskólabörn í Reykjavík af erlendum uppruna 2007-2014		
Ár	Leikskólabörn af erlendum uppruna	Hlutfall af fjölda leikskólabarna í Reykjavík
2007	683	12%
2008	871	15%
2009	960	17%
2010	1050	18%
2011	1072	19%
2012	1132	19%
2013	1148	19%
2014	1325	19%

Grunnskólabörn af erlendum uppruna 2007-2010	
Ár	Fjöldi barna af erlendum uppruna
2007-2008	457
2008-2009	543
2009-2010	492

Í töflunni að neðan eru ekki öll börn með kennslu í íslensku sem annað tungumál heldur bara þau sem fá úthlutað fjármagni til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og reglurnar ekki alltaf þær sömu eða upphæð til ráðstöfunar.

Grunnskólanemar með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli	
Ár	Fjöldi nema
2010-2011	429
2011-2012	378
2012-2013	298
2013-2014	202

Hælisleitendur og kvótaflóttafólk

Á Íslandi sér Útlendingastofnun um mat og afgreiðslu hælisumsókna og samþykkir þær eða synjar þeim. Ef hælisumsókn hefur verið samþykkt fá hælisleitendur stöðu flóttamanns samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og dvalarleyfi í fjögur ár í senn. Alþjóðasamningur um stöðu flóttamanna er frá 28. Júlí 1951.

Hælisleitendur

Hælisleitendur eru einstaklingar sem eru staddir utan lands síns og leitast eftir því að fá stöðu sína sem flóttamenn viðurkennda í því ríki sem þeir eru staddir í. Þeir koma til ríkis á eigin vegum vegna ofsókna, eða annarra aðstæðna sem stofna lífi þeirra í hættu, og sækja um hæli í því landi. Móttökuríkið ákveður hvort veita skuli hælisleitendum vernd á grundvelli skilyrða flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna. Hælisleitendur þurfa að ganga í gegnum stranga málsmeðferð sem getur tekið allt frá nokkrum vikum til jafnvel nokkurra ára, og á meðan eru lagaleg réttindi þeirra í móttökuríkinu verulega skert. Börn undir 18 ára aldri eru á flótta frá heimili sínu og sum þeirra hafa fengið stöðu sína sem flóttamenn viðurkennda, önnur eru án ríkisfangs, sum eru á flótta innan ríkis og einnig teljast með þau börn sem hafa snúið aftur til heimalands síns eftir að hafa verið flóttamenn samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Kvótaflóttafólk

Kvótaflóttafólk eru flóttamenn sem hafa fengið stöðu flóttamanns samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Ólíkt einstaklingum sem sækja um hæli í móttökuríki hefur þeim verið sérstaklega boðin landvist af móttökuríki í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, áður en þeir flytjast búferlum. Þeirra staða er ólík stöðu þeirra einstaklinga sem sækja um hæli í móttökuríki, einkum vegna þess að öryggi þeirra er tryggt við komuna til móttökuríkisins. Móttökuríki sem er aðili að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna ákveður hvaða hópi skuli veita vernd.

Íslenska ríkið hefur frá árinu 1956 aðallega tekið á móti kvótaflóttamönnum og veitt þeim vernd og landvist. Hingað hafa komið hópar kvótaflóttamanna frá mismunandi landsvæðum í gegnum tíðina. Kvótaflóttamenn njóta ákveðinna réttinda, verndar og þjónustu, svo sem fjarhags- og húsnæðisaðstoðar, heilbrigðisþjónustu, aðgangs að skólakerfi, íslenskukennslu, túlkajónustu og aðstoð við atvinnuleit í eitt ár eftir komu til landsins.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar - kvótaflóttafólk og hælisleitendur

Á tímabilinu frá árinu 1956 til 2015 komu 273 kvótaflóttamenn frá 11 löndum til Íslands með samningi samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna. Taflan hér að neðan sýnir fjölda frá hverju landi greint eftir því hvaða ár flóttafólkið kom.

Komur flóttamanna til Íslands		
Ár	Fjöldi	Upprunaland
1956	30	Ungverjaland
1959	32	Júgóslavía
1979	34	Víetnam
1982	23	Pólland
1990	30	Víetnam
1991	30	Víetnam
2005	7	Kosovo
2005	24	Kólumbía
2007	30	Kólumbía
2010	6	Kólumbía
2012	9	Afganistan
2014	5	Simbabve, Úganda, Sýrland, Kamerún
2015	13	Sýrland
Samtals	273	

Í mars 2016 voru 303 einstaklingar skráðir sem hælisleitendur og flóttamenn hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, 207 hælisleitendur og 96 flóttamenn. Af þessum 303 einstaklingum eru 223 karlar og 80 konur. Af þeim hópi eru 35 börn. Þessir einstaklingar eru alls af minnst 51 þjóðerni. Í nokkrum tilvikum er þjóðerni þeirra ekki vitað, aðeins vitað frá hvaða landi þau komu.

Kyn	Fjöldi	Hlutfall %
Karl	223	73,6
Kona	80	26,4
Alls	303	100

Einhleypir karlar eru fjölmennastir í þessum hópi eða tæpir tveir þriðju og einhleypar konur eru næst stærsti hópurinn. Langflestir eða tæpir tveir þriðju eru á aldrinum 20-39 ára. Meðal þessa 303 einstaklinga er 1 einstæð móðir með 3 börn, 13 eru með 2 börn (6 einstæðar mæður og 7 sambýlisfólk hjón með börn), 10 eru með 1 barn (7 einstæðar mæður og 3 sambýlisfólk hjón með börn). Þetta eru alls 42 börn (en sum barnanna geta verið tvítalin ef pör eru bæði á listanum).

Fjölskyldugerð	Fjöldi	Hlutfall %
Einhleypur karl	194	64,0
Einhleyp kona	41	13,5
Einstæður faðir	2	0,7
Einstæð móðir	14	4,6
Hjón/sambýlistólk barnlaus	17	5,6
Hjón/sambýlistólk með börn	10	3,3
Drengur 17 ára og yngri	14	4,6
Stúlka 17 ára og yngri	11	3,6
Alls	303	100

Aldur	Fjöldi	Hlutfall %
0-17 ára	35	11,6
18-19 ára	13	4,3
20-29 ára	92	30,4
30-39 ára	107	35,3
40-49 ára	34	11,2
50-59 ára	15	5,0
60-66 ára	6	2,0
80-84 ára	1	0,3
Alls	303	100

Atvinna	Fjöldi	Hlutfall %
Ekki þekkt	120	39,6
75% öryrki	1	0,3
Atvinnulaus án bótaréttar	117	38,6
Atvinnulaus með bótarétt	8	2,6
Barn yngra en 18 ára	18	5,9
Ellilífeyrisþegi	1	0,3
Í launaðri vinnu - fullt starf	10	3,3
Í launaðri vinnu - hlutastarf	3	1,0
Nemi	16	5,3
Sjúklingur	9	3,0
Alls	303	100